

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Gestagata á Melrakkaslétu
Markmið	<p>Verkefnið felst í því að útbúa gestagötu eða gestaveg sem leiðir ferðamenn á milli áningarstaða á Melrakkaslétu og fræðir þá um náttúru og vistkerfi svæðisins.</p> <p>Markmið verkefnisins er þrjúþætt:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að miðla upplýsingum til almennings og ferðamanna um náttúru og vistkerfi Melrakkaslétu og vöktun og rannsóknir sem stundaðar eru þar á vegum Rannsóknastöðvarinnar Rifs; • Að efla náttúrutengda ferðamennsku á svæðinu og auka aðdráttarafli Melrakkaslétu með því að bjóða upp á fræðandi afþreyingu, og; • Að stuðla að auknum áhuga og þekkingu á lífríki norðurslóða og áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum, en Melrakkaslétta er kjörinn vettvangur í slíkt. <p>Þessi markmið ríma vel við markmið Rannsóknastöðvarinnar Rifs, sem eru að efla náttúrufarsrannsóknir á Melrakkaslétu, að safna og miðla upplýsingum um náttúrufar svæðisins og að styðja nærsamfélag sitt, m.a. með stuðningi við náttúrutengda ferðamennsku (sjá https://rifresearch.is/um-rif/).</p>
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Í stuttu máli er gestagata leið eða vegur sem er búinn til í kringum ákveðið fræðsluþema. Gestagötur eru oft stuttar gönguleiðir en einnig þekkjast lengri leiðir og eknar leiðir. Gestagata á Melrakkaslétu verður í grunninn ekin leið með stuttum gönguleiðum í bland. Gestir verða leiddir á milli áningarstaða og á hverjum stað fræðast þeir um það lífríki og umhverfi sem fyrir augu ber og aðra þætti eftir aðstæðum, s.s. áhrif loftslagsbreytinga. Stefnt er á að gestagatan liggja um Melrakkaslétu á milli Kópaskers og Raufarhafnar og að gestir geti ekið leiðina með stoppum á hálfum til einum degi (eða t.d. hjólað á tveimur dögum). Á leiðinni verða merktir áningarstaðir með fróðleik og upplifun og saman mynda áningarstaðirnir heildstæða leið með sterk og skýr skilaboð um náttúru og lífríki Melrakkaslétu.</p> <p>Markhópur þessarar leiðar eru almenningur og þeir ferðamenn sem ferðast á eigin vegum, vilja fara sér hægt og kynnast landinu vel. Gestagatan verður ekki miðuð að stærri hópum og fjöldaferðamennsku, en gæti samt nýst hópum til fræðslu, s.s. skólahópum. Hún gæti einnig nýst þeim sem bjóða upp á ferðabjónustu á svæðinu.</p> <p>Áætlað er að verkefnið vinnist á tveimur árum, 2020 og 2021. Nú í ár er sótt um styrk fyrir fyrstu tveimur áföngum verkefnisins, en þeir eru útskýrðir nánar í tímasettri verkáætlun sem fylgir þessari umsókn sem fylgiskjal. Fyrstu tveir áfangarnir fela í stuttu máli í sér gagnaöflun og rannsóknavinnu, samráð við hagsmuna- og samstarfsaðila (sem tilgreindir eru í lengri verklýsingu sem einnig fylgir þessari umsókn sem</p>

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	<p>fylgiskjal), vettvangsvinnu, textavinnu og ráðgjöf. Áfangar sem bíða næsta árs eru í stuttu máli val á miðlun, hönnun og framleiðsla skilta og kynningarefnis, efnisval og uppsetning og kynning á leiðinni.</p> <p>Ef styrkur hlýst til verkefnisins hyggst Rannsóknastöðin Rif ráða manneskju til að sinna því í tvo mánuði yfir sumartímamann (áætlað að sú vinna muni dreifast á sumarmánuðina júní, júlí og ágúst). Helsti kostnaður verður því launakostnaður, en annar kostnaður felst í búnaði og aðstöðu, ferðum og vettvangsvinnu. Umsókninni fylgir sundurliðuð kostnaðaráætlun sem fylgiskjal.</p>
Framkvæmdaaðili	Rannsóknastöðin Rif ses. Kt. 440714-1530 Aðalbraut 16 675 Raufarhöfn
Samstarfsaðilar	<p>Samstarfsaðilar verða a.m.k. eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none">• Gistiheimilið Hreiðrið á Raufarhöfn• Náttúrustofa Norðausturlands• Markaðsstofa Norðurlands• Norðurhjari, ferðamálasamtök á svæðinu <p>Samstarfsaðilar Rifs eru ekki aðilar að þessari umsókn og munu ekki bera beinan fyrirsjáanlegan kostnað af verkefninu. Samstarfið felst aðallega í samráði, ráðgjöf og veitingu aðstöðu. Hagsmunaaðilar sem haft verður samráð við eru mun fleiri og eru þeir tilgreindir í lengri verkefnalýsingu sem fylgir umsókn sem fylgiskjal.</p>
Tengsl við sóknaráætlun	<p>Það er óhætt að segja að gestagata á Melrakkaslétu hafi nokkuð breiða skírskotun í sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024:</p> <ul style="list-style-type: none">• Náttúra Melrakkaslétu er einstök á landsvísu, og aðdráttarafi svæðisins og ásókn í náttúrutengda ferðaþjónustu þar mun aukast á næstu árum með vaxandi áhuga á norðurslóðum. Þessir þættir eru skilgreindir sem styrkleikar og tækifæri í sóknaráætlun. Gestagata á Melrakkaslétta byggir á þessum styrk og gerir sér mat úr tækifærinu.• Markmið gestagötunnar ríma vel við þá framtíðarsýn í umhverfismálum sem sett er fram í sóknaráætlun. Hún stuðlar að aukinni vitund almennings um umhverfi sitt og náttúru norðurslóða. Hún eflir einnig náttúrutengda ferðamennsku á svæðinu og þar með atvinnumöguleika.• Hægt verður að nýta gestagötuna til fræðslu fyrir nemendur landshlutans á öllum skólastigum, en kallað er eftir aukinni fræðslu um umhverfismál í sóknaráætlun. Þannig getur hún orðið framlag til aukinnar vitundar ungs fólks á svæðinu um umhverfismál, loftslagsbreytingar og málefni norðurslóða.• Einnig mætti segja að bæði Rannsóknastöðin Rif – sem einn helsti vettvangur Íslendinga í vöktun og rannsóknnum á norðurslóðum – og gestagatan séu dæmi um nýsköpun í norðurslóðamálum og styrki stöðu norðurlands sem miðstöðvar í norðurslóðastarfsemi á landinu.• Síðast en ekki síst má benda á að gestagatan mun draga fram hve dýrmætt þetta landsvæði rétt sunnan heimskautsbaugs er í raun

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	<p>og hve mikil tækifæri felast þar í eflingu rannsókna og vöktunar. Melrakkasléttan og þorpinn tvö sem marka jaðar hennar, Raufarhöfn og Kópasker, hafa lengi háð varnarbaráttu en Rannsóknastöðin Rif hefur opnað augu margra fyrir nýjum tækifærum og nýrri sýn á svæðið. Gestagatan mun opna augu enn fleira fólks fyrir svæðinu og þeim tækifærum sem það býður. Hún fellur því vel undir þau markmið sóknaráætlunar að treysta stoðir menningar á svæðinu, efla samkeppnishæfni og stuðla að jákvæðri byggðaþróun.</p>
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	<p>Tengsl verkefnisins við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru einkum við markmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum en einnig eru tengsl við markmið 14 um líf í vatni og markmið 15 um líf á landi.</p> <p>Undir markmiði um aðgerðir í loftslagsmálum er kallað eftir aukinni menntun um loftslagsbreytingar, sem er eitt af markmiðum gestagötunnar. Tengsl við markmið 14 og 15 felast einkum í aukinni vitund og þekkingu almennings og þar með stuðningi við vernd, endurheimt og sjálfæra nýtingu á vistkerfum og náttúruauðlindum til sjávar og lands.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Árangur með verkefninu má fyrst og fremst meta í þeim lokadrögum sem til verða að gestagötunni í haust. Einnig verður stuðningur hagsmunaaðila, s.s. landeigenda, mikilvægur mælikvarði á árangur.</p>
Lokaferð (hver verður lokaferð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<p>Áætluð lokaferð þessa hluta verkefnisins verður lokadrög að gestagötu, yfirlésin af sérfræðingum á hverju sviði, ásamt annarri undirbúningsvinnu s.s. frágangi tilskilinna leyfa og samráði við alla hagsmunaaðila.</p> <p>Lokaferð verkefnisins í heild þegar því lýkur (stefnt á sumar 2021) verður gestagata á Melrakkasléttu; ferðamannaleið sem laðar fólk að þessu einstaka svæði og veitir því innsýn í náttúru og umhverfi aðgengilegasta heimskautasvæðis Íslendinga. Gestagatan verður auk þess kjörinn vettvangur fyrir Rannsóknastöðina Rif til að miðla þeirri vitneskju sem orðið hefur til um náttúru og lífríki Melrakkasléttu.</p>
Upphaf og lok verkefnis	<p>Stefnt er á að vinna við verkefnið hefjist ekki síðar en 1. júní 2020 og fari að mestu fram fyrir 1. september 2020, en lokafrágangur texta eftir yfirllestur sérfræðinga verði búinn ekki síðar en 1. október. Í haust verður svo hægt að áætla verklok næstu áfanga þessa verkefnis.</p>
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	<p>Áætlaður kostnaður við verkefnið á þessu ári er 1.280.000 kr. Kostnaður við verkefnið árið 2021 hefur ekki verið áætlaður.</p>
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	<p>Óskað er eftir fullum styrk á þessu ári, eða 1.280.000 kr.</p>
Mótframlag (ef við á)	<p>Rif mun bera kostnað af launatengdum gjöldum og óvæntum kostnaði sem hlotist gæti af verkefninu árið 2020.</p>
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	